

Ánægja með þjónustu sveitarfélaga


Könnun á viðhorfi íbúa

Undanfarin ár hefur Gallup mælt viðhorf íbúa til þjónustu stærstu sveitarfélaga landsins. Niðurstöður nýtast við mat á frammistöðu sveitarfélaga bæði í samanburði við önnur sveitarfélög og fyrri frammistöðu. Eins nýtast þær við forgangsröðun á aðgerðum sveitarfélaga.

Samanburður er sýndur milli viðhorfa þeirra sem nota viðkomandi þjónustu reglulega og þeirra sem nota hana ekki. Einnig er hægt að kaupa spurningar í tengslum við sértækar áherslur hvers sveitarfélags.

Íbúar meta eftirfarandi þætti í könnuninni:

- Sveitarfélagið sem stað til að búa á
- Skipulagsmál í sveitarfélaginu
- Gæði umhverfisins í nágrenni við heimili sitt
- Þjónustu við barnafjölskyldur
- Þjónustu grunnskóla sveitarfélagsins
- Þjónustu leikskóla sveitarfélagsins
- Aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu
- Þjónustu við eldri borgara í sveitarfélaginu
- Þjónustu við fatlað fólk í sveitarfélaginu
- Hvernig sveitarfélagið sinnir menningarmálum
- Þjónustu í tengslum við sorphirðu í sveitarfélaginu
- Þjónustu sveitarfélagsins á heildina litið, bæði út frá reynslu og álit
- Samskipti við bæjar- eða sveitarstjórnarskrifstofur og ánægju með úrlausn erinda
- Hvaða þjónustu sveitarfélagið þurfi helst að bæta



Í ár verða einnig lagðar fyrir þátttakendur nokkrar viðbótarspurningar um ferðamenn í sveitarfélaginu. Mögulegt er að bæta niðurstöðum þessara spurninga við skýrsluna.

Í þeim hluta könnunarinnar er spurt um eftirfarandi þætti:

- Hvort íbúar verði mikið varir við erlenda ferðamenn í sveitarfélaginu
- Viðhorf til fjölda erlendra ferðamanna í sveitarfélaginu
- Áhrif erlendra ferðamanna á:
 - Umhverfi og náttúru í sveitarfélaginu
 - Þjónustuframboð í sveitarfélaginu
 - Samfélag og menningu í sveitarfélaginu
- Mat íbúa á tekjum sveitarfélagsins af ferðaþjónustu

Hafðu samband

Frekari upplýsingar gefa ráðgjafar Gallup
Gallup.is | gallup@gallup.is | 540 1200